



Þórólfur Guðnason, sóttvarnalæknir
Embætti landlæknis,
Barónsstíg 47
101 Reykjavík

Reykjavík, 17. febrúar 2020


Málefni: Málefni hjúkrunarheimilanna með hliðsjón af COVID – 19

Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu (SFV) eru samtök fyrirtækja, félagasamtaka og sjálfseignarstofnana sem veita heilbrigðisþjónustu fyrir hönd ríkisins, yfirleitt á grundvelli þjónustusamnings við ríkið. Aðildarfélög SFV eru tæplega 50 talsins en meðal þeirra eru nánast öll hjúkrunarheimili landsins, Sjálfsbjargarheimilið, SÁÁ o.fl. Aðildarfélög samtakanna mynda samanlagt fjölmennasta vinnustað sjúkraliða á landinu og næst fjölmennasta vinnustað hjúkrunarfræðinga (á eftir Landspítalanum). Um 32% sjúkraliða landsins starfa hjá aðildarfélögum SFV og um 10% hjúkrunarfræðinga.

Til SFV hafa borist margar fyrirspurnir varðandi COVID – 19 frá fagfólki sem starfar innan aðildarféлага samtakanna, sérstaklega á hjúkrunarheimilum. Fagfólkið hefur kynnt sér það efni sem sett hefur verið inn á heimasíðu Embætti landlæknis en upplifir samt talsverða óvissu um hvernig stjórnvöld sjá fyrir sér að þessum málum verði háttáð gagnvart þessum heilbrigðisstofnunum. Innan veggja hjúkrunarheimilanna liggja í dag um 2600 einstaklingar og um 800 einstaklingar til viðbótar eru að nýta sér dagdvalarþjónustu þeirra. Ef veiran kemur upp hjá íbúum hjúkrunarheimilis, er þá ætlunin að þeir liggja áfram inni á hjúkrunarheimilinu (innan um sérstaklega viðkvæman sjúklingahóp) ? Eða á að flytja þá á Landspítalann, eða jafnvel á einhvern annan stað ? Eiga viðbrögðin að vera þau sömu óháð því hvaða hjúkrunarheimili á í hlut ? Slíkum spurningum þarf að svara og fagfólk heimilanna þarf að vera upplýst um það ferli sem á að fara í gang ef þessi tilvik koma upp. Yfirmenn hjúkrunarheimilanna hafa ekki fengið upplýsingar frá Samhæfingarstöð almannaþjónu eða Sóttvarnalækni umfram þær upplýsingar sem almenningur hefur fengið og hafa ekki komið að vinnu vegna viðbragðsáætlana. Fæst heimilin eru að fá daglegar upplýsingar um stöðu þessara mála líkt og aðrar heilbrigðisstofnanir. Þá er ekki að sjá sérstakar leiðbeiningar til hjúkrunarheimila á vefsvæði Embættis landlæknis, líkt og er varðandi heilsugæslustöðvar, sjúkraflutninga og „fyrirtæki í heilbrigðisþjónustu“.¹

Með hliðsjón af ofangreindu telja SFV rétt að óska eftir fundi til að ræða stöðuna og hvernig hægt er að vinna þessi mál áfram.

Virðingarfyllt,
f.h. Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu


Eybjörg Hauksdóttir framkvæmdastjóri

¹ Í þeim flokki eru taldar upp tannlæknastofur, sjúkrapjálfarar og aðrir sem sinna heilbrigðisþjónustu utan heilbrigðisstofnana og virðast ekki eiga við um meginþorra aðildarféлага SFV.